



Ársskýrsla Barnaskóla Hjallastefnunnar

Skólaárið 2019 – 2020

BARNASKÓLI HJALLASTEFNUNNAR Í HAFNARFIRÐI

Ábyrgð: Hildur Sæbjörg Jónsdóttir

Ársskýrsla Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði Skólaárið 2019 til 2020

Fylgt úr hlaði

Á hverju vori er vert að líta yfir farinn veg og draga saman það sem hæst bar í starfsemi skólans á liðnu skólaári, það verður gert hér á eftir fyrir skólaárið 2019–2020. Ársskýrslu skólans er ætlað að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem einkennir skólann og gefa yfirlit yfir hagnýt mál er snúa að daglegu starfi hans.

Almennt

Starfstími nemenda í grunnskólanum árið 2019–2020 var frá 21. ágúst 2019 til og með 5. júní 2020. Var það samþykkt af skólaráði skólans og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Kennsludagar voru 180 á skóladagatali sem fullnægir kröfu í 28. gr. laga um grunnskóla um fjölda skóladaga svo og kröfum sömu greinar um leyfi og hvíldartíma nemenda. Eingöngu tveir skertir dagar voru á skóladagatali, við skólasetningu og skólaslit. Í mars var sett á samkomubann á Íslandi vegna Covid-19 faraldursins. Af þeim sökum skertist skólahald meira en upphaflega var áætlað en því eru gerð nánari skil hér að neðan í kafla um skólaárið í máli og tölum. Skipulagsdagar kennara voru fimm á skólaárinu; 4. október, 23. október, 15. nóvember, 19. febrúar og 29. maí. Foreldraviðtöl fóru fram í nóvember og febrúar, þar sem börn og foreldrar hittu umsjónarkennara og fóru saman yfir framvindu námsins og líðan.

Vikulegur kennslutími hvers nemenda í grunnskólanum var að lágmarki 1200 mínútur á viku eða um 270 mínútur á dag sbr. kennsluskrá (stundaskrá) skólans.

Starfsemi grunnskólans; þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskóla fylgdu að öllu leyti aðalnámskrá sem og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. grein laga um grunnskóla. Jafnframt var starfað í anda annarrar greinar sömu laga þar sem áhersla var lögð á samvinnu við heimilin, þar sem starfshættir mótuðust af „umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleidd íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu við manngildi.“

Námshópar bera heitið kjarnar og er einn kjarni samsvarandi bekkjardeild. Kynjaskiptir kjarnar voru starfandi allt skólaárið en að auki voru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem markvisst var unnið að jákvæðum samskiptum og virðingu kynjanna í garð hvors annars.

Börnum var boðið upp á málsverði á skólatíma. Auk hádegisverðar sem eldaður var á staðnum var framreidd ávaxtahressin um miðjan morgun. Börnum sem voru skráð í frístund bauðst að auki morgunverður og nónhressing. Við alla matreiðslu var hollustu og ferskleika gætt til hins ýtrasta samkvæmt matarstöðlum Hjallastefnunnar.

Skólaheilsugæsla var fyrir hendi skv. 41. gr. laga grunnskóla og nutum við þjónustu Heilsugæslunnar í Firði. Skólahjúkrunarfræðingur sinnti fræðslu og forvarnarvinnu auk þess sem hún sat í nemendaverndarráði. Mjög góð samvinna var á milli skólans og Heilsugæslu.

Sjálfsmat skólans eða gæðamat skv. 36. grein grunnskólalaga var líkt og fjallað er um í námskrá skólans með hliðstæðum hætti og sjálfsmat í öðrum leik- og barnaskólum Hjallastefnunnar. Árangur og gæði skólastarfsins voru metin með kerfisbundnum hætti á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við átti hverju sinni. Út frá niðurstöðum úr mati verður sett fram umbótaáætlun sem unnið verður eftir á komandi skólaári.

Skóladagurinn og skipulag

Líkt og fyrri skólaár hófst skólastarf stundvíslega kl. 8:30 og lauk kennslu klukkan 14:00 hjá öllum börnum á grunnskólaaldri. Frístund var í boði frá 7:30–08:30 og eftir að kennslu lauk milli klukkan 14:00–16:30. Morgunverður var í Barnaskólanum milli 08:00 og 08:30 fyrir þá sem það kusu og einnig var boðið upp á nónhressing í frístundastarfi.

Dagskrá og tímaskipulag

07:30 Barnaskólinn opnaður, frístund, morgunverður í boði

08:30 Kennsla hefst/hópatími

10:15 Ávaxtastund/valfundur

10:30 Val

11:30 Hádegisverður og næðisstund

12:00 Kennsla/hópatími/smiðjur

14:00 Kennslu lýkur, frístund hefst

15:00 Nónhressing

16:30 Skólalok

Nemendur

Skólaárið 2019–2020 voru 97 börn skráð í nám við Barnaskólann í Hafnarfirði. Samkensla var í öllum árgöngum í vetur, að undanskildum 5 ára börnum, í vetur og því voru kjarnarnir 6. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir kjarnana, fjölda barna á hverjum kjarna og nöfn umsjónarkennara.

Yfirlit yfir kjarna, fjöldi drengja, stúlkna og kjarnastarfsfólk

5 ára, 12 stúlkur, 15 drengir; alls 27

Guðrún Björnsdóttir

Ríkarður James Sparks

Auður Halldórsdóttir

Kristina Adomaviciute

6 og 7 ára, 24 stúlkur, 19 drengir; alls 43 börn

Harpa Björgvinsdóttir

Ingibjörg Karlsdóttir

Sæbjörg Erla Árnadóttir

Ólafur Sveinmar Guðmundsson

Daníel Freyr Ólafsson

8 og 9 ára, 14 stúlka, 13 drengir; alls 27 börn

Sigríður Jóna Gunnarsdóttir

Natalía Jakobsdóttir

María Lovísa Magnúsdóttir

Samtals 50 stúlkur og 49 drengir, alls 97 börn

Fjöldatölur miðað við búsetu

Í haust voru skráð 97 börn við skólann.

Um stjórnun og starfsfólk

Stjórnandi skólans er Hildur Sæbjörg Jónsdóttir en hún hóf störf sem skólastjóri árið 2012. Skólastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri skólans skv. lögum um grunnskóla og ákvæðum aðalnámskrár um markmið námsins, kennsluhætti og starfshætti grunnskóla. Hann er einnig fulltrúi skólans í öllum málum er varða venjulegan rekstur og fulltrúi rekstraraðila gagnvart öðru starfsfólki. Barnaskólinn uppfyllir kröfur 8., 9 og 10. gr. grunnskólalaga um foreldrafélag og skólaráð og var mjög góð samvinna á milli skólasamfélagsins og foreldrafélagsins.

Starfsfólk og starfsmannamál

Við skólann störfuðu sex grunnskólakennarar, tveir leikskólakennarar og tveir leiðbeinendur. Stuðningsfulltrúar störfuðu í skólanum á skólatíma sem og í frístundastarfi. Sálfræðingur starfaði við skólann.

Hér má sjá nöfn og starfssvið starfsfólks skólans veturinn 2019–2020

Hildur Sæbjörg Jónsdóttir, skólastjóri

Ingibjörg Thomsen, leikskólakennari, sérkennslufulltrúi/staðgengill skólastjóra

Andrea Dís Heimisdóttir, frístund

Auður Halldórsdóttir, Uppeldis og menntunarfræðingur, 5 ára stúlkur

Aþena Jónsdóttir, frístund

Birute Skibickiene, stoðþjónusta, aðstoð í eldhúsi

Bríet Dalla Gunnarsdóttir, frístund

Daníel Freyr Ólafsson, stoðþjónusta, stuðningur 6 og 7 ára drengir/frístund

Guðrún Björnsdóttir, leiðbeinandi, 5 ára drengir

Halldóra Kristín Arthursdóttir, frístund

Harpa Björgvinsdóttir, Uppeldis og menntunarfræðingur, 6 og 7 ára stúlkur

Hildur Sonja Guðmundsdóttir, framhaldsskólakennari, námsver/sérkennsla

Ingibjörg Karlsdóttir, grunnskólakennari, umsjónakennari 6 og 7 ára stúlkur

Klara María Jónsdóttir, stoðþjónusta, stuðningur/frístund

Kristina Adomaviciute, leikskólakennari, 5 ára stúlkur

Margrét Egilsdóttir, grunnskólakennari, sund og íþróttakennsla

María Lovísa Magnúsdóttir, grunnskólakennari, umsjónakennari 8 og 9 ára stúlkna

Mona Sif Hadaya, stoðþjónusta, yfirmaður frístundar

Natalía Jakobsdóttir, grunnskólakennari, umsjónakennari 8 og 9 ára drengja

Ólafur Sveinmar Guðmundsson, stoðþjónusta, stuðningur 6 og 7 ára drengir/frístund

Patrycja Galicka, stoðþjónusta, stuðningur 6 og 7 ára drengir/frístund

Ríkarður James Sparkes, leiðbeinandi, 5 ára drengir

Ruth Margrét Friðriksdóttir, grunnskólakennari, stjórnun (leyfi fram í apríl)

Sigríður Jóna Gunnarsdóttir, sérkennari, námsver

Sigurjón Ívarsson, kokkur, stoðþjónusta/eldhús

Sæbjörg Erla Árnadóttir, grunnskólakennari, umsjónakennari 6 og 7 ára drengir

Unnur María Magnúsdóttir, Uppeldis og menntunarfræðingur, afleysing 5 ára drengir

Foreldrasamstarf

Í Barnaskólanum í Hafnarfirði er öflugt foreldrasamstarf og í foreldrafélagi skólans eru kraftmiklir einstaklingar sem eru virkir í samstarfi við skólann. Foreldrafélagið fer fyrir ýmsum verkefnum í skólanum og býður börnunum upp á skemmtilegar uppákomur og upplifanir.

Í desember safnar foreldrafélagið saman myndum eftir alla nemendur og prentar á tækifæriskort sem eru til sölu til foreldra og annarra fjölskyldumeðlima, er þetta liður í vorferðarfjáröflun. Auk þess heldur foreldrafélagið kaffihúsakvöld til fjáröflunar. Foreldrafélagið heldur svo alltaf vorhátíð eftir skólaslitin en vegna breyttra aðstæðna var hún haldin á skólatíma, kennarar sáu um hana en foreldrafélagið sá til þess að hoppukastalar og annað fjör væri á svæðinu.

Vorferðir barna eru að öllu jöfnu tveggja náttu ferðir víðsvegar um landið þar sem hver árgangur fer með kennurum sínum. Skipulagðar eru mjög metnaðarfullar ferðir þar sem börnin kynnast sögu landsins og skoða og upplifa náttúrufegurð landsins og læra enn frekar að umgangast landið af virðingu. Foreldrafélagið kostar þessa ferð að miklu leyti með fjáröflunum yfir skólaárið. Eins og fyrr segir var ákveðið að vorferðin í ár yrði dagsferð í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu.

Vert er að geta þess að kennarar og starfsfólk skólans gefa alla vinnu umfram dagvinnu í þessum ferðum. Ferðin heppnaðist einstaklega vel og voru það stolt börn sem komu heim að leiðarlokum.

Skólahúsnæði

Skólinn er staðsettur við Hjallabraut 55 og starfar í einu húsi. Húsið var byggt 2011. Börnin sækja íþróttakennslu í húsnæði Bjarkar og Fimleikafélagi Hafnarfjarðar ásamt útikennslu þegar veður leyfir. Sundkennsla vetrarins fór fram á Hrafnistu og voru allir hópar einu sinni í viku í sundi.

Kennsluhættir og starfið

Kennsluhættir og starf Barnaskólans í Hafnarfjarðar er í stöðugri þróun. Markið er sett á skapandi námsaðferðir, sjálfstæði í vinnubrögðum og ólíkar leiðir til náms. Samþætt verkefni eru áberandi í kennslu. Almennar eyðufyllingarbækur eru ekki notaðar í skólanum og unnið er markvisst að heildstæðum verkefnum þar sem námsgreinar eru samþættar í stærri verkefni. Nám barna byggir á markvissum lotum í kjarnagreinum eins og íslensku og stærðfræði en auk þess fara börn í smiðjur í ýmsum fögum og greinum. Þær smiðjur eru kenndar í tvær vikur í senn, ýmist af gestakennurum eða kennurum skólans.

Heimanám felst eingöngu í daglegum heimalestri. Lestrarnám barna er mikilvægt samvinnuverkefni heimilis og skóla. Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 40. gr. laga um grunnskóla var fyrir hendi fyrir börn sem eiga erfitt með nám af ýmsum orsökum; námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar sbr. lög um málefni fatlaðra. Skólinn er í samstarfi við talmeinafræðing. Sérstakt sérkennslurými er í skólanum fyrir einstaka nemendur vegna stuðnings þeirra. Í vetur voru 30 börn sem fengu þjónustu í námsveri ýmist í lengri eða skemmri tíma.

Berglind Brynjólfsdóttir sá um sálfræðigreiningar og ráðgjöf til sérkennara. Sigríður Jóna Gunnarsdóttir, sérkennari sá um námsver þar sem nemendur sem ekki hafa færni til að vera inni í stórum hóp sinntu námi sínu. Ingibjörg Thomsen og Hildur Sonja Guðmundsdóttir sáu um sérkennslu og að leiðbeina kennurum með leiðir til gagns fyrir börn inni í hópi.

Gestakennarar komu að skólastarfinu sem er orðin venja í Barnaskólanum. Um er að ræða tónmenntakennara og jóga kennara.

Vettvangsferðir voru stór þáttur í kennslustarfinu og var farið í ýmsar bæjarferðir um höfuðborgarsvæðið, söfn voru heimsótt, gengið var á fjöll og voru nokkrir hópar sem heimsóttu fyrirtæki.

Bókasafn Hafnarfjarðar var oft heimsótt til að fylla á bókakost skólans, lítið bókasafn er í Barnaskólanum.

Aðaleinkenni skólans, kynjauppeldið var í hávegum haft og blandað saman við aðra kennslu. Æfingar í aga, sjálfstæði og samskiptum voru viðfangsefni kynjanámskrár á haustönn og unnu börn ýmis verkefni tengd þessum þáttum. Jákvæðni, vinátta og áræðni voru megin stef vorannar og æft með fjölbreytilegum hætti.

Barnaskólinn í Hafnarfirði einsetur sér flokkun og græna stefnu í umhverfismálum.

Skólaárið í máli og tölum

Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar (kennsludagar) barna 180 og þar af eingöngu tveir skertir dagar, við skólasetningu og skólaslit. Í mars var sett á samkomubann á Íslandi vegna Covid-19 faraldursins. Af þeim sökum skertist skólahald meira en upphaflega var áætlað en því verða gerð nánari skil hér að neðan. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á skólaárinu í nóvember og febrúar, börn og foreldrar hittu umsjónarkennara þar sem farið var saman yfir framvindu námsins. Skipulagsdagar kennara voru fimm á skólaárinu; 4. október, 23. október, 15. nóvember, 19. febrúar og 29. maí.

Ágúst – október

Tólfta skólaár Barnaskólans í Hafnarfirði sem sjálfstætt starfandi skóli var sett við hátíðalega athöfn í Víðistaðakirkju miðvikudaginn 21. ágúst síðastliðinn.

Námskynning var haldin um miðjan september ásamt foreldrakaffi, foreldrar barna komu og áttu næðisstund með börnunum og kennurum þeirra, boðið var upp á morgunmat og kaffi. Nemendur og kennarar kynntu námsefni vetrarins fyrir foreldrum.

Í september komu tónlistakennararnir, Hildur og Beta, í tveggja vikna lotuvinnu með 6 og 7 ára stúlkum og drengjum, lotan endaði með tónleikum. Þær komu aftur í lok október með samskonar prógram fyrir 8 og 9 ára börn.

Samræmd próf voru lögð fyrir í lok septembermánaðar og tókust með miklum ágætum.

Vetrarfrí á haustönn var á sama tíma og hjá öðrum grunnskólum í Hafnarfirði, 21. og 22. október.

Nóvember – febrúar

Samvinnuverkefnið Krakkakaffi fyrir 6 og 7 ára börn fór fram í nóvember, um er að ræða samstarf milli starfsfólks Barnaskólans, barna og foreldra. Þá baka börn á skólatíma og bjóða fjölskyldum sínum á kaffihús um kvöldið. Happendrættið sem sló í gegn á fyrra ári var endurtekið við mikla gleði. Verkefnið er liður í fjáröflun fyrir vorferð skólans, vel tókst til.

Jóga var kennt einu sinni í viku fyrir alla hópa og fimm ára börn fengu lotukennslu í nóvember.

Skólaráð fundaði í nóvember og var farið yfir starfsreglur skólaráðs, vinnureglur og starfsáætlun skólaráðs ásamt því að farið var yfir niðurstöður ytra mats.

Tækifæriskort sem hver og einn nemandi bjó til voru til sölu á vegum foreldrafélagsins sem er liður í fjáröflun fyrir vorferð. Einnig voru til sölu merkimiðar sem börnin teiknuðu á. Kortasalan gekk rosalega vel og voru kortin afhent í byrjun desember.

Starfsmannafundur var haldin í byrjun desember þar sem farið var yfir skipulag dagskrár fyrir komandi mánuð. Í desember var lágstemmd stemmning í húsi þar sem börn og starfsfólk nutu kyrrðar jólamánaðarins.

Söngur fyrir heimilisfólkið á Hrafnistu var á sínum stað líkt og fyrri ár. Þá fara öll börn skólans ásamt starfsfólki og syngja nokkur lög fyrir heimilisfólk ásamt því að færa þeim jólakort sem börn skólans hafa búið til.

Jólaleyfi hófst 20. desember og kennsla hófst aftur á nýju ári föstudaginn 3. janúar.

Í byrjun janúar komu þrír nýjir starfsmenn til starfa. Einn með yfirumsjón frístundar, einn sem stuðningur inn í skólastarfið ásamt frístund og einn kjarnastjóri á fimm ára kjarna.

Samvinnuverkefnið Krakkakaffi fyrir 8 og 9 ára börn fór fram í janúar. Um er að ræða samstarf á milli starfsfólks Barnaskólans, barna og foreldra. Þá baka börn á skólatíma og bjóða fjölskyldum sínum á kaffihús. Verkefnið er liður í fjáröflun fyrir vorferð skólans, vel tókst til.

Foreldrafélagið gerði upp kortasölu í janúar sem var liður í fjáröflun fyrir vorferð – fjáröflun gekk vel.

Skólaráð fundaði í febrúar þar sem farið var yfir hlutfall sérkennslu í skólanum.

Vetrarfrí á vorönn var á sama tíma og í öðrum grunnskólum í Hafnarfirði og 20. og 21. febrúar.

Í lok febrúar fóru að berast fréttir um að COVID-19 væri komið til landsins. Innan veggja skólans var ráðist í að auka sóttvarnir bæði barna og fullorðinna.

Mars – júní

Þann 16. mars kom tillkynning frá heilbrigðisráðherra þess efnis að samkomubann verði sett á frá og með 18. mars. Tillkynnt var að grunnskólar skildu vera opnir en skólahald yrði verulega skert.

Skólanum var skipt í 7 smitrakningarhólf og í hverju hólfu voru aldrei fleiri en 20 börn og 2 kennarar. Sex og sjö ára börn fengu skólavist milli klukkan 9–12 eða þrjár klukkustundir og frístund milli klukkan 12:00–14:00 eða tvær klukkustundir fram að páska. Eftir páska og fram til 4. maí fengu þau skólavist 9:00–12:00 eða þrjár klukkustundir og frístund milli 12:00–13:00 eða eina klukkustund. Átta og níu ára börn fengu skólavist 8:15–11:15 eða þrjár klukkustundir á dag frá 18. mars – 4. maí. Skertir skóladagar vegna COVID-19 voru 27 talsins.

4. maí opnaði skólinn með hefðbundnu sniði á ný og var skólastarf óskert fram að skólaslitum.

Hildur og Beta tónlistarkennarar komu í tvær vikur í maí. Þær voru með tónfræðilotu fyrir öll börn skólans, 5–9 ára.

Vorferð Barnaskólans hefur ávallt verið tveggja náttu gistiferð en skólastjórnendur fylgdu ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar um að fara ekki í gistiferðir með börnum. Skólastjórnendur og foreldrafélag skólans funduðu um málið 11. maí.

Í maí fóru öll börn í dagsferðir, 5 ára börn fóru í Vatnaskóg og 6–9 ára börn fóru á Laugarvatn. Thelma Gunnarsdóttir ljósmyndari kom og tók skólamyndir af hverjum kjarna og hverju barni. Lokavinna kennara við námsmat barna fór fram á vormánuðum.

Skólaslit voru haldin hátíðleg þann 5. júní þar sem hver hópur ásamt kennurum og foreldrum og stjórnendum kvöddu afstaðið skólaár.

Að leiðarlökum

Skólaárið 2019-2020 var viðburðarríkt og fordæmalaust ár í Barnaskólanum í Hafnarfirði enda skólinn alltaf í uppbyggingu og þróun. Starfsmannahópurinn þéttist og gekk í takt inn í skólaárið og mátti sjá uppskeru mikillar og góðrar vinnu á vordögum. Markmið og áætlanir voru endurmetin og stór skref voru tekin í námsmati og í metnaðarfullu jafnréttisstarfi Hjallastefnuskóla með sterkara fagstarfi.

Árangur barna í námi var til fyrirmyndar og niðurstöður sjálfsmats, hvort heldur sem um ræðir foreldra- eða starfsmannakönnun, voru mjög góðar.

Hafnarfjörður, júní 2020.

Hildur Sæbjörg Jónsdóttir

skólastýra Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði